

FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

FRÉTTIR AF ÞRÓUN NÁMS- OG
STARFSRÁÐGJAFAR Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

Fjóla María Lárusdóttir

Eins og sjá má í Gáttargreinum um náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslu á liðnum árum, hefur þjónustan náð að festa sig vel í sessi hjá samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) um land allt og hefur viðtölum fjölgað mikið milli ára. Hér verður farið yfir þá þætti sem unnið hefur verið með í samstarfi við ráðgjafanet FA á árinu og farið yfir þróun tengdri málaflokknum.

TÖLUR FRÁ ÁRINU
2010

Tölur frá árinu 2010 voru teknar saman í upphafi árs og hafði þá viðtölum fjölgað um rúm 4.000 á milli ára, úr 6.767 í 10.799. Það skýrist að einhverju leyti af því að hópráðgjöf hefur aukist en einnig því að fleiri atvinnuleitendur koma í ráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum fyrir tilstuðlan samstarfs við Vinnumálastofnun (VMST). Karlar eru nú í meirihluta (57%) notenda þjónustunnar, sem einnig má rekja til samstarfsins við VMST, þar sem fleiri karlmenn eru þar á skrá en konur. Meðal annarra skýringa er að nefna að karlar eru fleiri í raunfærnimati og þar af leiðandi í þeim ráðgjafarviðtölum sem heyra til þess ferlis. Í það heila voru 59% af notendum þjónustunnar árið 2010 atvinnuleitendur, sem komu þá ýmist frá VMST eða að eigin frumkvæði. Starfandi hluti notenda var 32% en 9% af hópnum féllu undir flokkinn „annað“ þar sem teljast námsmenn, þeir sem eru í starfsendurhæfingu hjá VIRK eða endurhæfingarstöðvum, öryrkjar og ellilífeyrisþegar.

VERKFÆRI ÞRÓUÐ

Á árinu var lögd áhersla á að ljúka við gerð skimunarlista sem styðjast má við í viðtölum við atvinnuleitendur og aðra notendur þjónustunnar. Grunnvinnan að listanum var unnin í samstarfi við VIRK endurhæfingarsjóð en aðlögun og þróun efnisins var unnin með ráðgjafaneti FA.

Unnið var eyðublað fyrir upplýst samþykki notenda

varðandi ramma þjónustunnar. Eyðublaðið var unnið í kjölfar umræðu um mikilvægi þess að upplýsa atvinnuleitendur sem þiggja ráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar í gegnum VMST um þá skilmála sem fylgja því að vera á atvinnuleysisbótum og hafa aðgang að vinnumarkaðsaðgerðum.

Unnir voru tveir gátlistar til að efla samræmi og gæði í raunfærnimati, Gátlisti fyrir náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimati og Gátlisti fyrir verkefnisstjóra í raunfærnimati. Í Gátlista fyrir náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimati eru dregnir fram verkþættir ráðgjafans í ferlinu og komið er með ábendingar í tengslum við útfærslu þeirra. Í Gátlista fyrir verkefnisstjóra eru dregnir fram verkþættir verkefnisstjóra ásamt ábendingum og punktum sem styðja við hlutverk hans. Verkefnisstjórar sem hafa sinnt raunfærnimati innan framhaldsfræðslunnar hafa flestir verið náms- og starfsráðgjafar, þannig að reynsla og færni á því sviði hefur byggst upp í þeirra hópi.

Unnið er að því að formfesta betur vinnulag við að draga fram þarfir markhópsins með atbeina þeirra viðtala og samskipta við einstaklinga sem fara fram í ráðgjöf framhaldsfræðslunnar. Einn liður í ráðgjöfinni er að miðla þörfum markhópsins til FA þannig að hægt sé að bregðast við þeim með því að þróa tilboð við hæfi. Vinnulagið hefur hingað til verið óformlegt, til dæmis með umræðum á fræðslufundum FA með náms- og starfsráðgjöfum, sem að jafnaði eru haldnir fjórum sinnum á ári sem og úr árlegri skýrslu frá símenntunarmiðstöðvunum.

Rætt hefur verið um þróun vinnulags við að draga betur fram raddir notenda í þjónustunni, þar sem byggt er á niðurstöðum rannsóknarinnar *Raddir notenda – stuðlað að gæðum ráðgjafar fyrir fullorðna á Norðurlöndunum* (sjá lýsingu á rannsókn í grein Andreu Dofradóttur og Guðbjargar Vilhjálmssdóttur). Rannsóknin var unnin í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ráðgjafanetið. Niðurstöðurnar fyrir Ísland byggja á svörum frá þeim sem nýta þjónustu náms- og starfsráðgjafar í framhaldsfræðslunni og eru því afar gagnlegar fyrir málaflokkinn. Í rannsókninni kemur meðal annars fram ánægja notenda með þjónustuna og innihald hennar en niðurstöðurnar sýna jafnframt að meiri þörf er fyrir að hlustað sé á raddir notenda um móttun þjónustunnar. Í lok þessa árs verður unnið að því að þróa og prófa aðferðafræði sem snýr að þessum þætti á landsvísu.



Frá fræðslufundi náms- og starfsráðgjafa í nóvember 2011.

Gæðaviðmið fyrir málaflokkinn eru í þróun og er ætlunin að setja þau á mælanlegt form. Prófað verður að tengja þau við Evrópska gæðamerkið (EQM) sem þróað var í Evrópu-samstarfsverkefninu RECALL (tilraunaverkefni) með styrk frá starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. (www.european-qualitymark.org). Margar símenntunarmiðstöðvar hafa nýtt sér afurðir verkefnisins, meðal annars „Matseyðublöð fyrir fræðsluaðila og matsmenn“, þar sem sett eru fram gæðaviðmið fyrir aðila sem bjóða upp á nám fyrir fullorðna.

SAMSTARF OG MIÐLUN UPPLÝS- INGA

Fulltrúi FA kynnti náms- og starfsráðgjafarþjónustu framhaldsfræðslunnar á Íslandi í vinnustofu á ráðstefnunni *Action Plan on Adult Learning – It's never too late to learn* sem

haldin var á vegum Evrópusambandsins í mars á þessu ári. Í vinnustofnunni var meðal annars fjallað um mikilvægi þess að gera ráðgjöfina aðgengilegri, þá sérstaklega þeim sem hafa litla formlega menntun svo og minnihlutahópum. Hlutverk ráðgjafarinnar er þá fyrst og fremst að upplýsa og styðja einstaklinga í átt að áframhaldandi uppbyggingu á færni. Fjallað var um mikilvægi þess að auglýsa ráðgjafarþjónustu, veita hvatningu og bjóða upp á fjölbreytilegt aðgengi að henni fyrir fólk með ólíkar þarfir (svo sem einstaklingsviðtöl, vefsíður, netræðgjöf og símaviðtöl). Einnig kom fram að mikilvægt er að hafa heildstætt kerfi þar sem haldið er utan um ráðgjafarþjónustu á landsvísu og tekur meðal annars til lagasetningar, þjálfunar og endurmenntunar ráðgjafa, upplýsingaveitu um nám og störf, samstarfsnet ráðgjafa og gæðamiðaðra ferla og verkfæra til notkunar í ráðgjöf.

Í gegnum sérfræðingarnet Norræns tengslanets um nám

fullorðinna, (NVL) um ráðgjöf fyrir fullorðna hefur fulltrúi frá FA miðlað upplýsingum um náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar á Íslandi á ráðstefnu í Finnlandi þar sem verið er að þróa svipaða aðferðafræði fyrir sænskumælandi Finna. NVL ráðgjafanetið hefur á árinu meðal annars unnið að því að skilgreina fjölmenningarlega færni ráðgjafa með vinnustofustarfi í hverju landi. NVL hélt vinnustofu hér á landi 16. september síðastliðinn. Unnið verður úr niðurstöðum í lok árs og þeim miðlað til umsjónarmanna námsleiða í faginu í hverju landi.

FA hefur verið í samstarfi við Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) um verkefni sem hlaut styrk frá Starfsmenntaráði árið 2010. Í verkefninu er miðað að því að gera þarfagreiningu og framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á heildstæðu upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf. Slík kerfi eru víðast hvar fyrir hendi og eru nauðsynlegur liður í því að veita greiðan aðgang að upplýsingum um störf og námsleiðir. Fyrirmyndargagnagrunnar hafa verið skoðaðir, fundir hafa verið haldnir með hagsmunaaðilum og erlendum sérfræðingum og viðtöl hafa verið tekin við fjóra hópa hugsanlegra notenda. SÆNS vinnur nú að lokaskýrslu verkefnisins og má gera ráð fyrir því að ef af IPA verkefninu verður (sjá grein Ingibjargar Elsu Guðmundsdóttir Um þróun raunfærnimats og upplýsingakerfis um nám og störf) verði hægt að byggja þróun gagnagrunnsins á þeim grunni sem þetta verkefni hefur náð að móta.

Þess má geta að náms- og starfsráðgjafarþjónusta framhaldsfræðslunnar var valið eitt af fyrirmýndarverkefnum á Norðurlöndunum í Færniverkefni NVL (Kompetense projekt) þar sem safnað var saman fyrirmýndarverkefnum í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum og rannsakað hvaða þættir stuðluðu að árangri (þættirnir voru til umræðu á ráðstefnu verkefnisins í september síðastliðinn). Þeir árangursþættir sem komu fram eiga flestir mjög vel við um náms- og starfsráðgjafarþjónustu framhaldsfræðslunnar, en styrkur þjónustunnar felst að miklu leyti í:

- Góðu samráði og samstarfi
- Reglulegum fundum þar sem farið er yfir ferla og reynslan er greind
- Sveigjanleika þjónustunnar varðandi aðgengi og innihald (einstaklingsmiðuð þjónusta)

- Áherslu sem lögð er á raunverulegar þarfir á hverju svæði fyrir sig
- Að þjónustan er nýtt viðfangsefni eða krefst þess að framkvæmdaaðili leiki nýtt hlutverk
- Að þjónustan hvetur nýja hópa til þátttöku
- Áherslu sem lögð er á að skapa samfélag notenda þjónustunnar, meðal annars með hópráðgjöf

UM HÖFUNDINN

Fjóra María Lárusdóttir hefur starfað sem náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins frá árinu 2003 en vann m.a. áður hjá MFA og Mími-símenntun. Hún er með M.Sc. próf í náms- og starfsráðgjöf frá California State University á Long Beach og B.Ed próf frá Kennaraháskóla Íslands. Helstu verkefni hennar tengjast náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu og mati á raunfærni.